

Tillaga, lögð fram á velferðarráðsfundi 9. október 2019, um að leitað verði orsaka þess af hverju munur er svo mikill á fjölda þeirra sem sækja um fjárhagsaðstoð og þeirra sem fá hana

16. Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi tillögu:

Tillaga um að leita orsaka þess af hverju munur er svo mikill á þeim sem sækja um fjárhagsaðstoð og fá hana síðan. Í ljósi þess að fram hefur komið í svörum að á hálfis árs tímabili sóttu 51% barnafjölskyldna um fjárhagsaðstoð en aðeins 41% fékk aðstoðina. Ástæður þarf að skoða og leggur Flokkur fólksins til að farið verði í að rannsaka hverju þetta sæti. Nota má til þess einfaldar aðferðir sem er t.d. hringja í fólkið og spyrja það hver var ástæða þess að sótt var um en aðstoðin ekki fengin? Var það vegna þess að fólk taldi sig ekki þurfa hana, eða áttu ekki rétt á henni þrátt fyrir að hafa sótt um, eða af því að ekki var skilað inn staðfestingu og af hverju var henni þá ekki skilað inn? Nefnt er sem möguleg ástæða að foreldrar eru í skuld og styrkur er ekki veittur þegar fólk er í skuld, eins og sagt er þegar um „áfallandi greiðslur er að ræða“. Það er engan vegin hægt að búa við það að vita ekki þessar ástæður. Vel kann að vera að ástæður séu einfaldar og hefði mátt, með lítilli leiðbeiningu, veita fjárhagsaðstoðina sem sótt var um?

Frestað, óskað eftir umsögn frá velferðarsviði.